

Ed.

451. Lög

um læknisskoðun aðkomuskipa.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl).

1. gr.

Nú vill aðkomuskip hleypa mönnum eða farangri á land í höfn, og skal þá fram fara læknisrannsókn um heilbrigði á skipinu, áður en það hafi samgöngur við land. Áður en heilbrigðisrannsókn þessi hefir farið fram, má enginn maður fara úr skipinu, ekki heldur hafnsögumaður, og enginn út í skipið úr landi eða frá öðrum skipum, að undanteknum lækni og aðstoðarmanni hans. Engan farangur má setja fyr í land en læknisrannsókn hefir fram farið.

Heilbrigðisstjórninni er heimilt að veita með reglugerð undanþágu frá framangreindum ákvæðum fyrir aðkomuskip, sem koma kunna á hafnir, þar er lækni á ekki heima, og fyrir aðkomuskip, þar er embættislækni á að visu heima, en er fjarstaddur, þegar skipið hafnar sig. Í reglugerð þessa skal setja ákvæði, er tryggi það svo sem verða má, að sóttir berist ekki í land, þótt læknisrannsókn sje slept.

2. gr.

Fyrir skoðunargerð samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 34, 6. nóv. 1902, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, ber lækni 8 kr. borgun af skipum, sem eigi ná 60 smálestum, 12 kr. af skipum, sem eru frá 60 upp að 100 smálestum, og 20 kr. af skipum, sem eru yfir 100 smálestir. Auk þess á lækni heimting á ókeyppis flutningi og dagpeningum. Heldur lækni dagpeningum, ef þörf gerist, að hann sje sóttkvíaður vegna rannsóknarinnar, þangað til sóttkvíun er lokið.

3. gr.

Ákvæði eldri laga, sem koma í bága við lög þessi, eru úr gildi fallin.